

Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að 150 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir skólaárið út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinargerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 við skil greinargerðar.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.



10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.